

Landsnet hf.
 Þórður Guðmundsson
 forstjóri
 Gylfaflöt 9
 112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2012
 Tilvísun: 2011110028/10.5
 Verknúmer: 4123041

Efni: Uppgjör tekjumarka Landsnets 2010

Undanfarið hefur verið unnið að endurskoðun á uppgjörum Landsnets hf. vegna nýrra og betri upplýsinga til grundvallar þeim. Orkustofnun leitast við að uppgjör fyrirtækisins séu gerð á grundvelli rétttra forsendna og telur ástæðu til að breyta þeim komi annað í ljós. Í kjölfar þessarar vinnu hefur Orkustofnun nú gert upp tekjumörk Landsnets hf. vegna raforkuflutnings fyrir árið 2010 og er því fyrri ákvörðun stofnunarinnar varðandi sama ár, dags. 30. nóvember 2011, hér með úr gildi fallin.

Tekjumörk ársins voru sem hér segir í þús. kr.:

	Almennt	Stórnotendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp			1.084.279
Kerfisþjónusta			484.782
Þóknun kerfisþjónustu			
Samtals kerfisþjónusta			1.569.060
Rekstrarkostnaður	1.109.410	1.379.695	2.489.105
Rekstarkostnaður viðbót	79.187	95.694	174.881
Afskriftir	877.521	1.680.171	2.557.692
Arður	1.248.855	2.650.101	3.898.956
Samtals flutningur	3.314.973	5.805.662	9.120.634

Tekjur ársins voru:

	Almennt	Stórnotendur	Samtals
	í þús. kr.	í þús. kr.	í þús. kr.
Orkutöp	189.227	837.477	1.026.704
Kerfisþjónusta	71.746	320.658	392.404
Þóknun kerfisþjónustu	5.295		5.295
Samtals kerfisþjónusta	266.268	1.158.135	1.424.403
Innmötun	15.012	67.021	82.033
Útmötun	3.224.177	8.283.292	11.507.469

Söluhagnaður	-11.640	-32.957	-44.597
Kerfisframlag		-246.000	-246.000
Aðrar tekjur	37.373	46.478	83.851
Samtals flutningur	3.264.923	8.117.834	11.382.757

Tekjur Landsnets umfram tekjumörk á árinu 2010 voru því kr. 2.312.172 þús. vegna stórnotenda. Vanteknar tekjur Landsets vegna dreifiveitna voru kr.50.050 þús. kr. og 144.657 þús. kr. vegna kerfisþjónustu. Ofteknar tekjur ársins eru því samtals 2.117.465 þús. kr.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga, nr. 65/2003, og varða gjaldskrármál eða starfsemi flutningsfyrirtækis sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 30. gr. laganna. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,

Guðni A Jóhannesson
orkumálastjóri

Auður Nanna Baldvinsdóttir
sérfræðingur